

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/673**

2017/EES/24/41

frá 29. apríl 2016

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup>, einkum 13. gr. (3. mgr.), 16. gr. (1. mgr. og a-liður 3. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.) og 38. gr. (a-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þang og þari og aðrir þörungar falla undir 12. kafla Brussel-tollnafnaskrárinnar sem er tilgreind í I. viðauka við sáttmálann. Þang og þari og aðrir þörungar eru því landbúnaðarafurðir sem falla undir a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Þar sem „aðrir þörungar“ eru m.a. „smáþörungar“ falla smáþörungar undir gildisvið reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 2) Þar sem ekki hefur verið mælt fyrir um neinar ítarlegar framleiðslureglur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(2)</sup> varðandi smáþörungum til notkunar í matvæli fyrir en nú, og spurningar hafa vaknað varðandi hvaða framleiðslureglum rekstraraðilar skulu fylgja við ræktun smáþörungum sem nota á sem matvæli, þarf að skýra stöðuna og mæla fyrir um ítarlegar framleiðslureglur að því er varðar slíkar afurðir.
- 3) Framleiðsla á smáþörungum er um margt lík framleiðslu á þangi og þara þótt hún fari ekki fram í sjó. Enn fremur, þegar smáþörungar eru til frekari nota sem fôður fyrir lagareldisdýr líkt og fjölfrumusjárþörungar og plöntusvif, gilda nú þegar um þá ítarlegar framleiðslureglur um tekju og eldi á þangi og þara á grundvelli 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 889/2008. Því þykir rétt að skýra að ítarlegu framleiðslureglurnar varðandi þang og þara ættu einnig að gilda um framleiðslu á smáþörungum til frekari notkunar sem matvæli.
- 4) Umbreytingarráðstöfunum varðandi notkun á ungvíði sem ekki er úr lífrænu eldi og ungvíði samlokna sem ekki er úr lífrænum klakstöðvum í lífrænni framleiðslu, sem kveðið er á um í 3. mgr. 25. gr. e og í þriðju undirgrein 1. mgr. 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008 lýkur 31. desember 2015, sem felur í sér að eftir þann dag skal allt ungvíði og allt skelfisksungvíði, sem notað er í lífrænni framleiðslu, vera lífrænt. Þar sem komið hefur í ljós að ungvíði og skelfisksungvíði úr lífrænu eldi er ekki tiltækt í nægilegu magni ætti að fresta þessari dagsetningu um 1 ár til að gefa rekstraraðilum tíma til að rækta ungvíði og skelfisksungvíði úr lífrænu eldi í nægilegu magni.
- 5) Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. d í reglugerð (EB) nr. 889/2008 á framkvæmdastjórnin að endurskoða notkun tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar fyrir 1. ágúst 2015 með það fyrir augum að hverfa frá þessum aðferðum í áföngum eða til að takmarka þær enn frekar.
- 6) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við sérfræðingahópinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu að hann mæti áhrifin af þessum vínfræðilegu vinnsluaðferðum, vinnslu og meðhöndlun á tiltekna grundvallareiginleika lífræns víns og hvort staðgönguáferðir geti komið í þeirra stað. Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu mælti með <sup>(3)</sup> að haldið yrði áfram að leyfa notkun þeirra við framleiðslu á lífrænu víni vegna þess að ekki er völ á öðrum vænlegum kostum sem stendur. Einnig er mælt með því að endurmeta þessar aðferðir eftir tiltekinn tíma í sama tilgangi og nú, þ.e. til að hverfa frá þeim í áföngum eða til að takmarka þær frekar. Af þessum sökum er rétt að framlengja frestinn sem rennur út 1. ágúst 2015 um þrjú ár.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Lokaskýrsla: <http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/>

- 7) Lögþær yfirvöld eiga þess kost að leyfa tímabundnar undanþágur frá framleiðslureglunum sem varða dýr í þeim tilvikum þar sem sérstakar aðstæður gætu komið í veg fyrir að rekstraraðilar haldi lífrænni framleiðslu áfram eða hefji hana aftur. Einkum ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara þá geta þau heimilað að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg. Rétt er að taka skýrt fram að í slíkum tilvikum verður engu að síður að virða viðkomandi aðlögunartíma í tengslum við ólífrænt öldu dýrin sem bætt er við hjörðina eða hópinn.
- 8) Þar sem möguleikar á notkun á ungvíði, sem ekki er úr lífrænu eldi, í lífrænni framleiðslu hafa verið takmarkaðir á undanförmum árum er að auki rétt að kveða á um sambærilegar framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum ef um er að ræða háa dánartíðni hjá lagareldisdýrum.
- 9) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreindar þær vörur sem heimilt er að nota við lífræna framleiðslu í samræmi við h-lið 1. mgr. 12. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Þessar vörur hafa verið flokkaðar í sjö flokka á grundvelli mismunandi viðmiðana, s.s. notkunar eða uppruna. Gagnlegt er að einfalda framsetninguna og nota eingöngu viðmiðunina um uppruna við flokkunina.
- 10) Í hægri dálki í töflunni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er gerð grein fyrir lýsingu, kröfum um samsetningu og skilyrðum fyrir notkun varanna sem tilgreindar eru í þeim viðauka, þ.m.t. örverur og efni. Skilyrðin fyrir notkun þessara vara í lífrænni framleiðslu, einkum í samsvarandi notkunarflokki (s.s. skordýraeitur, mitlasæfir eða sveppaeyðir), verða þó að samræmast skilyrðum fyrir notkun virkra efna, eins og fram kemur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011<sup>(1)</sup>, að því er varðar búskap almennt. Ef notkunin sætir takmörkunum að því er varðar búskap almennt samkvæmt þeirri reglugerð þá eru leyfi fyrir notkuninni við lífræna framleiðslu einnig takmörkuð. Auk þess hefur reynslan sýnt að skilyrðin fyrir notkun varanna, sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, eru mjög oft hin sömu í lífrænum landbúnaði og í hefðbundnum landbúnaði og að takmarkanir á notkun eru takmarkaðar.
- 11) Þess vegna ætti að einfalda kerfið til að koma í veg fyrir að í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 sé tilgreind notkun sem ekki er lengur samþykkt samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011. Jafnframt ætti að benda á að öll notkun sem er samþykkt fyrir búskap almennt, samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er sjálfkrafa samþykkt fyrir lífræna framleiðslu, nema þegar sérstaklega er tekið fram að strangari skilyrði gildi um tiltekna notkun.
- 12) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram máls skjöl um tiltekin efni til hinna aðildarríkjana og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi máls skjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni.
- 13) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu komst m.a. að þeirri niðurstöðu í tilmælum sínum<sup>(2)</sup> að efnin koltvísýringur, kísilgúr, fitusýrur og kalíumbikarabónat séu í samræmi við lífrænu markmiðin og meginreglurnar. Því ætti að skrá þessi efni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 889/2008. Til að heiti virku efnanna séu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 þykir auk þess rétt að breyta heiti fitusýrukálíumsalts (grænsápa) í fitusýrur.
- 14) Grunnefni eru, skv. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009<sup>(3)</sup>, efni sem eru gagnleg við plöntuvernd en eru ekki að mestu notuð í þeim tilgangi. Hefð er fyrir notkun margra þeirra í lífrænum búskap jafnvel áður en þau voru flokkuð sem grunnefni. Þeirra á meðal eru ýmis matvæli úr jurta- eða dýraríkinu. Rétt þykir að heimila notkun þessara grunnefna í lífrænum búskap og bæta þeim af þeim sökum við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 ef þau uppfylla tvær viðmiðanir, þ.e. að falla undir skilgreininguna á „matvæli“ í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002<sup>(4)</sup> og að þau séu upprunnin í jurta- eða dýraríkinu.

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(2) Lokaskýrsla: [http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-on-ppp-ii\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-on-ppp-ii_en.pdf)

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 15) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreind fôðuraukefni sem eru leyfð í lífrænum vörum í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr. og d-lið 1. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007.
- 16) Breyta ætti framsetningu VI. viðauka til hún sé í samræmi við nálgunina sem notuð er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 <sup>(1)</sup>. Einkum ætti að breyta vinstri dálkinum í töflunni í VI. viðauka með því að tilgreina sérstök kenninúmer aukefnanna eða virku hópanna og flokkun í hópinn „tæknileg aukefni“ og „næringaraukefni“ til samræmingar við flokkunina sem notuð er í reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Einnig ætti að samræma heiti efnanna í hópnum „dýraræktaraukefni“ í 4. lið VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 við orðalagið í reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 17) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um tiltekin fôðuraukefni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málsskjöl voru yfirfarin frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni. Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu að því er varðar fôðurefni og fôðuraukefni <sup>(2)</sup> ætti að heimila notkun eftirfarandi efna sem sérfræðingahópurinn telur að samrýmist lífrænum meginreglum og markmiðum: sel- enauðgað ger, tvikoparkloríðtrihýdroxíð (TBCC) og sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrat (TBZC).
- 18) Í ljósi breytinganna sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 <sup>(3)</sup>, (ESB) 2015/861 <sup>(4)</sup> og (ESB) 2015/1152 <sup>(5)</sup> er nauðsynlegt að láta nýju efnið í sama flokki koma í stað efnanna „tókóferólauðugur kjarni af náttúrulegum uppruna“, „E2 Joð“ og „E3 Kóbalt“, sem eru ekki lengur til, eftir því sem við á. Auk þess eru tiltekin ónákvæmnisatriði að því er varðar kenninúmer bentónít-montmórellónís og klínoptíólís í virka hópnum „d“ bindiefni og kekkjavarnarefni“ sem ætti að leiðrétta.
- 19) Í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreind tiltekin efni sem eru leyfð við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gerafurðum í samræmi við b-lið 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 20) Til að halda samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 <sup>(6)</sup> þarf að breyta sérstökum skilyrðum um notkun kísildíoxíðhlaups eða kvoðulausnar (E 551) og sérstökum hreinleikaskilyrðum fyrir bentónít. Afturkalla ætti gildandi leyfi fyrir kaólíni (E 559) þar sem notkun þessa aukefnis var leyfð til 31. janúar 2014 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 21) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um matvælaaukefni, hjálparefni við vinnslu og önnur tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málsskjöl voru yfirfarin frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni.
- 22) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu í tengslum við matvælaaukefni <sup>(7)</sup> ætti að heimila notkun eftirfarandi efna sem sérfræðingahópurinn telur að samrýmist lífrænum meginreglum og markmiðum: bývax (E 901), karnúbavax (E 903), gellangúmmi (E 418) og erýtrítól (E 968).

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

<sup>(2)</sup> Lokaskýrsla: [http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-feed-ii\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-feed-ii_en.pdf)

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahydrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fôðuraukefnum (Stjtið. ESB L 41, 12.2.2014, bls. 3).

<sup>(4)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/861 frá 3. júní 2015 um leyfi fyrir kalíumjoði, vatnsfríu kalsíumjoðati og húðuðu, kornuðu, vatnsfríu kalsíumjoðati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 137, 4.6.2015, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1152 frá 14. júlí 2015 um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolium, tókóferólauðugum kjarna úr jurtaolium (ð-auðugum) og α-tókóferóli sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 5).

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

<sup>(7)</sup> Lokaskýrsla:

[http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/final\\_report\\_egtop\\_on\\_organic\\_food\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/final_report_egtop_on_organic_food_en.pdf)

[http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-ii\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-ii_en.pdf)

[http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-iii\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-iii_en.pdf)

- 23) Auk þess ætti að breyta skilyrðunum fyrir notkun eftirfarandi aukefna í kjölfar tilmæla sérfræðingahóps um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu: brennisteinsdíoxíðs, kalíummetabísúlfíts, tókóferólauðugs kjarna, lesítíns, sítrónusýru, natríumsítrats, vínsýru, glýseróls, natríumkarbónats, kísildíoxíðhlaups eða kvoðulausnar og natríumhýdroxíðs. Lesítín sem fengið er úr lífrænu hráefni er aðgengilegt á markaði en þörf er á þess háttar lesítíni með viðeigandi gæði til flestrar notkunar í vinnsluiðnaðinum fyrir lífræn matvæli. Sem stendur eru viðunandi gæði ekki fyrir hendi í nægilegu magni fyrir lífræna matvælaframleiðslu. Með tilliti til tímabundins skorts á mismunandi gæðum lífræns lesítíns, sem þarf í lífræna framleiðslu matvæla, ætti að kveða á um að á þriggja ára umbreytingartímabili sé heimilt að nota lesítín, sem er ekki fengið úr lífrænu hráefni, við framleiðslu á lífrænum matvælum.
- 24) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu varðandi hjálparefni við vinnslu ætti að heimila ediksýru/edik, þíamínvetnisklóríð, díammóníumfosfat, natríumkarbónat og viðartrefjar. Breyta ætti sérstöku skilyrðunum að því er varðar natríumkarbónat, sítrónusýru, natríumhýdroxíð, jurtaolíur, bentónít, bývax og karnúbavax.
- 25) Að því er varðar hjálparefni við vinnslu, sem notuð eru við framleiðslu gers, ætti að gera kröfu um að kartöflusterkja og jurtaolíur séu einungis notaðar ef þær eru fengnar úr lífrænni framleiðslu þar sem þessi hjálparefni við vinnslu eru nú fánleg í lífrænu formi í nægilegu magni og gæðum.
- 26) Að lokum á ekki lengur við í II., VI. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 að vísa til reglugerðarinnar þar sem vörurnar og efnin hafa verið heimiluð.
- 27) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 28) Til að gefa rekstraraðilum og eftirlitsyfirvöldum hæfilegan tíma til að aðlagast þeirri staðreynd að ítarlegu framleiðslureglurnar varðandi þang og þara gilda einnig um framleiðslu á smápörungum til frekari notkunar sem matvæli ætti breytingin á 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 889/2008 að gilda frá og með 12 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 29) Til að gera það kleift að hafa samfellu og framlengja þann möguleika að nota ungvíði sem ekki er úr lífrænu eldi og ungvíði samlokna sem ekki er úr lífrænum klakstöðvum ætti breytingin á 3. mgr. 25. gr. e og 1. mgr. 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008 að gilda afturvirkkt frá 1. janúar 2016.
- 30) Til að gefa rekstraraðilum möguleika á að aðlagast þeim breytingum sem innleiddar eru að því er varðar tiltekna vörur og efni til notkunar við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gefafurðum ættu breytingar á VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 að koma til framkvæmda frá og með 6 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Breyting á reglugerð (EB) nr. 889/2008**

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 6. gr. a komi eftirfarandi:

*„6. gr. a*

#### **Gildissvið**

Í þessum kafla er mælt fyrir um ítarlegar framleiðslureglur varðandi þang og þara.

Að því er varðar þennan kafla er „þang og þari“ m.a. fjölfrumusjvárbörungar, plöntusvif og smápörungar.“

2) Í stað 3. mgr. 25. gr. e komi eftirfarandi:

„3) Hámarkshundraðshluti ungvíðis lagareldisdýra sem ekki er lífrænt ræktað og er flutt í eldisstöð skal vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2016.“

3) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 25. gr. o komi eftirfarandi:

„Hins vegar skal hámarkshundraðshluti ungvíðis úr ólífrænum klakstöðvum samlokna sem flytja má í lífrænu framleiðslueininguna vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2016.“

4) Í 4. mgr. 29. gr. d komi dagsetningin „1. ágúst 2018“ í stað „1. ágúst 2015“.

5) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 47. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fánleg og að því tilskildu að viðkomandi aðlögunartími sé notaður að því er varðar ólífrænt öldu dýrin“,

b) Eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) ef um er að ræða að mörg lagareldisdýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem skráðar eru í a- til d-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014(\*): að endurnýja eða byggja upp aftur lagareldisstofn með ólífrænt öldum lagareldisdýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fánleg og að því tilskildu að minnst seinni tveimur þriðju hlutum tímalengdar framleiðsluferlisins sé stjórnað samkvæmt lífrænni stjórnun.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014 frá 15. maí 2014 um Sjávarútvegssjóð Evrópu og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2328/2003 og (EB) nr. 861/2006, (EB) nr. 1198/2006 og (EB) nr. 791/2007 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1255/2011 (Stjtið. ESB L 149, 20.5.2014, bls. 1).“

6) Í stað II. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Í stað VI. viðauka komi textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

### Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Eftirfarandi liðir 1. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem tilgreindur er fyrir þá:

a) Ákvæði 1. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 7. maí 2017.

b) Ákvæði 2. og 3. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

c) Ákvæði 8. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 7. nóvember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

## Varnarefni - vörur sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Öll efni sem tilgreind eru í þessum viðauka skulu a.m.k. uppfylla skilyrðin fyrir notkun sem tilgreind eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>. Strangari skilyrði fyrir notkun í lífrænni framleiðslu eru tilgreind í öðrum dálki í hverri töflu.

## 1. Efni úr jurta- eða dýraríki

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
Asadiraktín, dregið út úr <i>Azadirachta indica</i> (Neem-tré)	
Grunnefni	Einungis þau grunnefni, í skilningi 1. mgr. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 <sup>(1)</sup> , sem falla undir skilgreininguna á „matvæli“ í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 <sup>(2)</sup> og eru upprunnin í jurta- eða dýraríkinu.  Efni sem á ekki nota sem illgresiseyða heldur eingöngu til varnaraðgerða gegn skaðvöldum og sjúkdómum.
Bývax	Einungis sem efni til að meðhöndla sár á trjám/til að vernda sár.
Vatnsrofin prótín, þó ekki gelatín	
Lamínarín	Þari skal annaðhvort ræktaður lífrænt í samræmi við 6. gr. d eða uppskorinn á sjálfbæran hátt í samræmi við 6. gr. c.
Ferómón	Einungis í gildrum og skammtara.
Plöntuolíur	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir.
Pýretrín, dregið út úr <i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i>	
Pýretríóid (aðeins deltametrín eða lambdasýshalótrín)	Eingöngu í gildrum með sérstöku löðunarefni; eingöngu gegn <i>Bactrocera oleae</i> og <i>Ceratitis capitata</i> Wied.
Sviðatré, dregið út úr <i>Quassia amara</i>	Einungis sem skordýraeitur, fæliefni.
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör	Einungis á óæta hluta nytjaplantna og þar sem sauðfê eða geitur éta ekki nytjaplöntur.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stj. tíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stj. tíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stj. tíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

## 2. Örverur eða efni sem er framleitt með örverum

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
Örverur	Ekki úr erfðabreyttum lífverum.
Spínósað	

## 3. Önnur efni en þau sem tilgreind eru í 1. og 2. lið

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði eða takmarkanir fyrir notkun
Álsílikat (kaólín)	
Kalsíumhýdroxíð	Ef notað sem sveppaeyðir, aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn <i>Nectria galligena</i> .
Koltvísýringur	
Koparefnasambönd í formi: koparhýdroxíðs, koparoxýklóríðs, koparoxíðs, Bordeaux-blöndu og tríbasísks koparsúlfats	Allt að 6 kg af kopar á hektara á ári.  Að því er varðar fjölæra ræktun er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir fyrstu málgreinina, að kveða á um að fara megi yfir 6 kg mörkin fyrir kopar á tilteknu ári að því tilskildu að meðaltalsmagn sem er raunverulega notað á 5 ára tímabili, sem samanstendur af því ári og fjórum næstliðnum árum, fari ekki yfir 6 kg.
Etýlen	
Fitusýrur	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir.
Járnfosfat (járn (III) ortófosfat)	Efnablöndur sem á að sprauta á yfirborðið milli ræktaðra plantna.“
Kísilgúr	
Brennisteinskalk (kalsíumfjölsúlfíð)	
Paraffínolía	
Kalíumvetniskarborát (einnig þekkt sem kalíumbíkarborát)	
Kvarssandur	
Brennisteinn	

## II. VIÐAUKI

## „VI. VIÐAUKI

**Fóðuraukefni notuð í fóður sem um getur í 22. gr. (g-lið), 24. gr. (2.mgr.) og 25. gr. m (2. mgr.)**

Fóðuraukefni, sem tilgreind eru í þessum viðauka verða að vera heimiluð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 <sup>(1)</sup>.

## 1. TÆKNILEG AUKEFNI

a) *Rotvarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
E 200	Sorbínsýra	
E 236	Maurasýra	
E 237	Natríumformat	
E 260	Ediksýra	
E 270	Mjólkursýra	
E 280	Própiónsýra	
E 330	Sítrónusýra	

b) *Dráavarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
1b306(i)	Tókóferólkjarni úr jurtaolíum	
1b306(ii)	Tókóferólauðugur kjarni úr jurtaolíum (δ-auðugur)	

c) *Ýruefni, stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
E 322	Lesítín	Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni. Notkun takmörkuð við fóður fyrir lagareldisdýr.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

d) *Bindiefni og kekkjavarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
E 535	Natríumferrósýaníð	Hámarksskammtur á 20 mg/kg NaCl reiknað sem mínusjón ferrósýaníðs.
E 551b	Silíkat sem myndar sviflausn	
E 551c	Kísilgúr (hreinsaður)	
1m558i	Bentónít	
E 559	Kaólinleir án asbests	
E 560	Náttúrulegar blöndur steatíts og klóríts	
E 561	Vermikúlít	
E 562	Sepiólít	
E 566	Natrólít-fönólít	
1g568	Klínóptílólit sem er upprunnið úr seti	
E 599	Perlusteinn	

e) *Íblöndunarefni til votheysverkunar*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
1k	Ensim og örverur	Notkun takmörkuð við votheysverkun þegar veðurskilyrði eru þannig að gerjun verður annars ófullnægjandi.

## 2. SKYNRÆN AUKEFNI

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
2b	Bragðefni	Eingöngu útdráttur úr landbúnaðarafurðum.

## 3. NÆRINGARAUKEFNI

a) *Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
3a	Vítamín og forvítamín	<p>— Unnin úr landbúnaðarafurðum.</p> <p>— Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota þau, sem eru eins og vítamín sem unnin eru úr landbúnaðarafurðum, fyrir einmaga dýr og lagareldisdýr.</p> <p>— Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota A-, D- og E-vítamín, sem eru eins og vítamín sem eru unnin úr landbúnaðarafurðum, fyrir jörturdýr, notkunin er háð fyrirframleyfi aðildarríkjanna á grundvelli mats á möguleika lífrænt alinna jörturdýra á að afla sér nauðsynlegs magns af fyrrnefndum vítamínum úr fôðurskómmtum.</p>

b) *Snefilefnasambönd*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
E1 Járn	Járnnoxíð Ferrókarbónat Járnsúlfat, sjövatnað Járnsúlfat, einvatnað	
3b201	Kalíumjoðið	
3b202	Kalsíumjoðat, vatnsfrítt	
3b203	Húðað, kornað, vatnsfrítt kalsíumjoðat	
3b301	Kóbalt(II)asetattetrahydrat	
3b302	Kóbalt(II)karbónat	
3b303	Kóbalt(II)karbónat- hýdroxíð(2:3)mónóhydrat	
3b304	Húðað kornað kóbalt(II)karbónat	
3b305	Kóbalt(II)súlfatheptahýdrat	
E4 Kopar	Basískt kúprikarbónat, einvatnað	

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
3b409	Kúpríoxíð Kúprísúlfat, fimmvatnað Tvíkoparklóriðtríhýdroxíð (TBCC)	
E5 Mangan	Manganoxíð Mangansúlfat, einvatnað Mangankarbónat	
E6 Sink  3b609	Sinkoxíð Sinksúlfat, einvatnað Sinksúlfat, sjövatnað  Sinkklóriðhýdroxíðmónóhýdrat (TBZC)	
E7 Mólýbden	Natríummólýbdat	
E8 Selen  3b8.10, 3b8.11, 3b8.12, 3b813 og 3b817	Natríumselenít Natríumselenat  Selenauðgað ger, óvirkjað	

## 4. DÝRARÆKTARAUKEFNI

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
4a, 4b, 4c og 4d	Ensím og örverur í hópnum „dýraræktaraukefni“	

## III. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Athugasemd fyrir ofan fyrirsögn A-þáttar, athugasemd fyrir neðan fyrirsögn B-þáttar og fyrsti dálkur í töflunum í A- og B-þætti með fyrirsögninni „Heimild“ eru felld brott.
- 2) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað línanna sem varða brennisteinsdíoxíð, kalíummetabísúlfít, tókóferólauðugan kjarna, lesítín, sítrónusýru, natríumsítrat, vínsýru, glýseról, natríumkarbónat, kísildíoxíð, natríumhýdroxíð komi eftirfarandi línur:

„E 220	Brennisteinsdíoxíð	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	Í ávaxtavíni (*) og miði með eða án viðbættis sykurs: 100 mg (**)
E 224	Kalíummetabísúlfít	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	Í ávaxtavíni (*) og miði með eða án viðbættis sykurs: 100 mg (**)
E 306 (*)	Tókóferólauðugur kjarni	X	X	Þrávarnarefni
E 322 (*)	Lesítín	X	X	Mjólkurafurðir (²) Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni (***)
E 330	Sítrónusýra	X	X	
E 331	Natríumsítrat	X	X	
E 334	Vínsýra (L(+)-)	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	
E 422	Glýseról	X		Úr jurtaríkinu. Fyrir plöntuseyði og bragðefni
E 500	Natríumkarbónat	X	X	
E 551	Kísildíoxíðhlaup eða kvoðulausn	X	X	Fyrir þurrkaðar kryddjurtir og krydd í duftformi Bragðefni og býþétti
E 524	Natríumhýdroxíð	X		Yfirborðsmeðferð „Laugengebäck“ og stjórnun á sýruinnihaldi lífrænna bragðefna

(\*) Í þessu samhengi er ávaxtavín skilgreint sem vín úr öðrum ávöxtum en þrúgum (þ.m.t. epla- og peruvín).

(\*\*) Hámarksgildi án tillits til uppruna, gefin upp sem SO<sub>2</sub> í mg/l.

(\*\*\*) Frá og með 1. janúar 2019.“

- b) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„E 418	Gellangúmmí	X	X	Eingöngu með miklu asýli
E 901	Bývax	X		Eingöngu sem húðunarefni fyrir sælgæti. Bývax frá lífrænni býrækt

E 903	Karnúbavax	X		Eingöngu sem húðunarefni fyrir sælgæti. Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni“
-------	------------	---	--	---

c) Eftirfarandi lína bætist við:

„E 968	Erytrítól	X	X	Einungis ef fengið úr lífrænni framleiðslu án þess að nota jónaskiptatækni“
--------	-----------	---	---	---

3) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna sem varða natríumkarbónat, sítrónusýru, natríumhýdroxíð, jurtaolíur, bentónít, bývax og karnúbavax komi eftirfarandi línur:

„Natríumkarbónat	X	X	
Sítrónusýra	X	X	
Natríumhýdroxíð	X		Til sykurframleiðslu. Til olíuframleiðslu að undanskilinni ólífuolíuframleiðslu
Jurtaolíur	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir. Einungis ef fengnar úr lífrænni framleiðslu
Bentónít	X	X	Tærunarefni fyrir mjöð (¹)
Bývax	X		Leysari. Bývax frá lífrænni býrækt
Karnúbavax	X		Leysari. Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni“

b) Línan sem varðar kaólin falli brott.

c) Eftirfarandi línur bætast við:

„Ediksýra/edik		X	Einungis ef fengin úr lífrænni framleiðslu. Fyrir vinnslu á fiski, einungis af líftæknilegum uppruna nema ef það er framleitt af eða úr erfðabreyttum lífverum
Þíamínvetnisklóríð	X	X	Eingöngu til notkunar við vinnslu ávaxtavíns, þ.m.t. epla- og peruvíns og mjaðar
Díammóníumfosfat	X	X	Eingöngu til notkunar við vinnslu ávaxtavíns, þ.m.t. epla- og peruvíns og mjaðar
Viðartrefjar	X	X	Takmarka ætti uppruna viðar við vottaðan við úr sjálfbærri skógrækt. Viður sem er notaður má ekki innihalda eittraða efnisþætti (frá meðhöndlun eftir uppskeru, eiturefni úr náttúrulegu umhverfi eða eiturefni frá örverum)“

4) Í stað línanna sem varða kartöflusterkju og jurtaoliur í C-þætti komi eftirfarandi línur:

„Kartöflusterkja	X	X	Til síunar Einungis ef fengin úr lífrænni framleiðslu
Jurtaoliur	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir Einungis ef fengnar úr lífrænni framleiðslu.“